

REGLUGERÐ

um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins.

1. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti, sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða annarra réttarreglna.

2. gr.

Við embætti lögreglustjóra í umdæmum, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála, sbr. 1. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu annast rannsókn eftirgreindra málaflokka:

1. Umferðarslys og brot á umferðarlögum.
2. Brot á lögreglusamþykktum.
3. Brot á áfengislögum, önnur en þau, er varða ólögsmætan innflutning áfengis.
4. Brot á lögum um tilkynningar aðsetursskipta.

Deildir þessar skulu enn fremur annast rannsókn eftirgreindra málaflokka, að því marki sem lögreglurannsókn fer fram í þeim:

1. Veiðilaga- og friðunarlagabrot.
2. Brot á skotvopnalöggjöf.
3. Brot á iðnlöggjöf.
4. Brot á byggingalöggjöf.
5. Brot á lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
6. Brot á heilbrigðisreglugerð.
7. Brot á veitingalöggjöf.
8. Brot á staðbundnum reglugerðum og samþykktum.
9. Eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:
Nytjastuld á ökutækjum, ökugjaldssvik, minni háttar líkamsmeiðsl, minni háttar eignaspjöll.
10. Mál til brotnáms ólögsmæts ástands.
11. Önnur mál eða málaflokka, þar sem viðurlög við broti geta eigi farið fram úr sektum, og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins ákveður, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Deildir þessar skulu hafa umsjón með vörslu óskilamuna. Þær skulu og hafa stjórn á leit að týndu fólki, enda sé leitin eigi þáttur í rannsókn brots, en jafnan skal rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um slíka leit.

3. gr.

Rannsóknarlögregludeildir þær, sem um ræðir í 2. gr., skulu fullljúka svo sem unnt er rannsókn mála, sem falla undir þar greinda málaflokka, enda þótt rannsókn í þeim beinist einnig að öðrum brotum, sem þeim kunna að vera samfara. Beinist rannsókn máls þannig jafnframt að öðrum brotum, skal lögreglustjóri tilkynna það til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem kveður á um framhald rannsóknar málsins.

4. gr.

Nú berst lögreglu í umdæmum þeim, sem um ræðir í 1. gr., vitneskja um mál, sem fellur í hlut rannsóknarlögreglu ríkisins, og skal það þá þegar tilkynnt rannsóknarlögreglunni, en gera skal lögreglan þær aðgerðir í þágu rannsóknar, sem eigi má fresta, þar til rannsóknarlögreglan tekur við rannsókn, svo sem frumathugun vettvangs, varðveislu sönnunargagna, handtöku brotamanns og athugun á því meðal viðstaddra, hverjir hafi verið vitni að atburði. Þá skal lögreglan og veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Við lögreglustjóraembætti utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 1. gr., skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Deildir þessar skulu annast lögreglu-rannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Við lögreglustjóraembætti, þar sem eigi starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir, annast hin almenna lögregla lögreglurannsóknir, aðrar en þær, sem falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála, þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála, hvar sem er í landinu, þegar hann telur þess þörf. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins getur að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma, sem upp eru talin í 1. gr., svo og máls, sem fellur undir rannsóknarlögregludeildir lögreglustjóra samkvæmt 3. mgr. 2. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Skulu embætti lögreglustjóra og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins í þessu efni hafa með sér nána samvinnu um tilkynninga- og upplýsingamiðlun.

Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

7. gr.

Nú fellur mál í hlut rannsóknarlögreglu ríkisins eftir ákvörðun ríkissaksóknara eða rannsóknarlögreglustjóra, sbr. 6. gr., og skal þá viðkomandi lögregla, eftir nánari ákvörðun rannsóknarlögreglustjóra, vinna áfram að uppljóstran máls og hlutast til um nauðsynlegar aðgerðir í þágu rannsóknar.

8 gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins heldur skrá um myndir og fingraför, sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 1974, og geymir gögn samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar skulu senda rannsóknarlögreglu ríkisins eintök mynda og fingrafara, sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 108 28. desember 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 27.5% frá og með 1. júlí 1977 frá því sem þær voru í júní 1977. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 27.5% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.